

**L Ö G****um hækkun á bóttum almannatrygginga.****FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

**1. gr.**

Frá 1. janúar 1969 skulu fjölskyldubætur samkvæmt 15. gr. laga nr. 40/1963, um almannatryggingar, hækka um 10% frá því, sem þær voru á árinu 1968, sbr. lög nr. 4/1968. Fæðingarstyrkur samkvæmt 18. gr. skal frá sama tíma vera kr. 10 200.00 við hverja fæðingu. Aðrar bætur samkvæmt lögum nr. 40/1963 skulu, eftir því sem við getur átt, hækka um 17% frá sama tíma.

Allar bótafjárhæðir, sem tilgreindar eru í almannatryggingalögum og gilda eiga samkvæmt 1. málsg. þessarar greinar frá 1. janúar 1969, skulu reiknaðar í heilum krónum, og enn fremur skulu allar mánaðarlegar greiðslur reiknaðar í heilum krónum. Skal hálf króna eða stærra brot hækkað í heila krónu, en minna brot falla niður.

**2. gr.**

Ákvæði f-liðs 4. málsg. 49. gr. laga nr. 40/1963 skal frá 1. janúar 1969 breytast þannig, að í stað „9 daga“ komi: 7 daga.

**3. gr.**

Hækkun mánaðarlegra bóta samkvæmt 1. gr. fyrir janúar og febrúar 1969 skal greidd með bóttum marzmánaðar 1969.

**4. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 6. marz 1969.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Eggert G. Þorsteinsson.*